

Mánudaginn 18. október 1965.

Nr. 184/1964. **Hannes Jónsson, eigandi Þórormstungu**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Grími Gíslasyni, eiganda Saurbæjar,**

**og gagnsök (Páll S. Pálsson hrl.).**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

LandamerkjamáL.

### Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, og samdómendurnir Ólafur Magnússon hreppstjóri og Torfi Jónsson oddviti hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1964. Krefst hann þess, að landamerkjalinan milli Þórormstungu og Saurbæjar verði ákveðin frá miðjum fjárréttarrústum á Réttarhólma sjónhending á íbúðarhúsið á Ásbrekku. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. desember 1964. Kröfur hans eru, að „landamerkjum milli Saurbæjar og Þórormstungu ráði bein lína, er hugsast dregin frá óumdeildum suðurendapunkti í miðjum fjárréttarrústum á Réttarhólma í norðurendapunkt á Móhelli, merktan og staðsettan samkvæmt uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings, lögðum fram í Hæstarétti“. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnaleiðslur farið fram og nýrra gagna aflað, þ. á m. greinds uppdráttar Ragnars Árnasonar verkfræðings, hæstaréttardómskjals Þ. Eru á hann markaðar línur í samræmi við framangreindar kröfur og einnig markalína samkvæmt héraðsdómi. Dómendur Hæstaréttar hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti.

Í héraðsdómi eru rakin ákvæði landamerkjabréfa jarðanna Þórormstungu, Haukagils og Saurbæjar, þau er hér

skipta máli. Er enginn ágreiningur um suðurmerkið, fjár-réttarrústirnar á Réttarhólma.

Í Hæstarétti hefur verið lögð fram yfirlýsing Guðmundar Ólafssonar, alþingismanns og bónda í Ási, dags. 15. júní 1935, þar sem m. a. segir, að hann gefi „hér með Ungmennafélaginu „Vatnsdælingur“ landspildu, c. 1 ha að flatarmáli austan við og austast á svonefndri Ásbrekku“. Landspilda þessi liggur austanvert við bæjarhús nýbýlisins Ásbrekku, sem stofnað var til á árunum 1936—1937 samkvæmt umsókn Guðmundar til Nýbýlastjórnar, dags. 2. maí 1936. Í vottorði Ásgríms Kristinssonar, fyrsta eiganda og ábúanda nýbýlisins, dags. 16. júní 1964, segir m. a. svo: „Þegar ég fékk eignarhald á jörðinni Ásbrekku, þá gaf ég henni þetta nafn í samráði við fóstura minn, Guðmund alþm. Ólafsson í Ási. Benti hann á, að eðlilegt væri, að jörðin bæri sama nafn og brekkan, sem er sunnan við bæinn og þar sem bærinn stendur. Í Ási var brekkan aðeins nefnd Brekka, en út í frá Ásbrekka . . . Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að nánari sundurgreining örnefna á þessu svæði, sem í heild er kallað Móhella, er þannig: Frá Haganum upp með ánni, þar til undirbrekkan kemur að aðalbrekkunni austan við veginn, var kallað Móhella. Þaðan upp fyrir veginn, Brekka (þ. e. Ásbrekka), og náði hún upp að Grænhól“. Á vottorð þetta hefur Kristinn Bjarnason, sem ólst upp í Ási til tvítugsaldurs og var 72 ára, er vottorðið var gefið, ritað, að hann teldi „framangreinda skilgreiningu á örnefnum í Ási rétta, eftir því sem mér var greint frá, meðan ég dvaldi þar“. Hins vegar hefur verið lagt fram vottorð fósturdóttur Guðmundar Ólafssonar, Ólínu S. Benediktsdóttur, sem ólst upp í Ási frá 1. árs aldri til 23 ára aldurs, eða til ársins 1922. Í vottorði þessu segir, að hún hafi í uppveksti sínum aldrei heyrt „talað um, að brekkan ofan við Móhelluna væri kölluð Ásbrekka. Það nafn kom til sögunnar, er nýbýlið var stofnað og bærinn byggður neðan við Grænhól. Hins vegar var sagt að fara fram á brekku og þá átt við brekkuna ofan við Móhelluna“. Þá hafa ýmis staðkunnug vitni borið vætti í mál-

inu. Vitnið Lárus Björnsson, bóndi í Grímstungu síðan 1910, minnst þess ekki, „að brekkan austan við Ásbrekku-  
bæ væri kölluð annað en Móhella og er kölluð það ennþá,  
þrátt fyrir það þó nýbýlið heiti Ásbrekka“. Kveður hann  
„Móhelluna vera þar, sem sést í beran bakkann“. Eigin-  
kona vitnisins, Péturína B. Jóhannsdóttir, hefur undirritað  
samhljóða vottorð. Vitnið Björn Jónasson Bergmann ber,  
að hann minnst þess ekki „að hafa heyrt Ásbrekku nefnda  
í næsta nágrenni Móhelli, fyrr en það nafn kom á nýbýli  
Ásgríms Kristinssonar. Hins vegar var svæðið frá Árna-  
krók og vestur um veginn, eins og það var og er, kallað  
Móhella“. Þá kveðst vitnið hafa heyrt „austurhluta túns-  
ins í Ási ýmist kallað Kinn eða Brekku“. Bróðir vitnisins,  
Guðm. Bergmann, hefur undirritað samhljóða vottorð, en  
þeir bræður eru fæddir og uppaldir á Marðarnúpi. Þá ber  
vitnið Kristinn Magnússon, sem er 68 ára og átti um tvítugt  
heima í Saurbæ um þriggja ára skeið og var einnig eitt  
sumar til heimilis í Ási, „að þar sem nú er býlið Ásbrekka,  
var á þeirri tíð, sem ég man, ávallt nefnt Grænhóll, enda  
var þarna velgróinn hóll, sennilega gömul tóttarbrot . . .  
Í Ási var ávallt talað um að sækja kýr og hross suður á  
Grænhól, en ekki sagt suður á Ásbrekku. Nafnið Ásbrekka  
verður að minni hyggju fyrst til, þegar býlið er reist á  
sneið sunnan af Áslandi“. Vitnið Sveinbjörg Helga Jóns-  
dóttir var kaupakona í Saurbæ sumurin 1917—18. Kveðst  
hún hafa verið „vel kunnug staðháttum og örnefnum í  
nágrenninu, og ég heyrði aldrei minnt á Ásbrekku, held-  
ur var staðurinn nefndur Grænhóll eða Móhella“. Loks  
ber vitnið Benedikt Blöndal, bóndi á Brúsastöðum, að hann  
„minnst þess, að það voru ráð Guðmundar Ólafssonar,  
bónda og alþingismanns í Ási, að jörðin Ásbrekka hlaut  
það nafn, sem hún ber. Áður hét þessi staður Grænhóll.  
Þess má geta, að við Guðmundur heitinn voru gagnkunn-  
ugir, enda nágrannar um tugi ára“. Nokkur fleiri vitni hafa  
verið leidd, og vottorð lögð fram, er eigi þykir ástæða til  
að rekja. Þegar lítið er til þess, sem nú hefur greint verið,  
og önnur gögn málsins höfð í huga, þykir eigi sannað, að

kennileitið Ásbrekka í landamerkjaskránni fyrir Þórormstungu frá 28. júlí 1890 tákni brekkuna í landi núverandi nýbýlis með því nafni.

Eins og rakið er í héraðsdómi, finnast nú engin merki um vörðu þá, sem getið er í landamerkjaskrár jarðanna. Engin frekari gögn eru heldur um staðsetningu vörðunnar en þau, sem greind eru í skránum. Að visu hefur vitni eitt borið um grjótvörðu, sem hafi verið um 8 metra fyrir neðan þann stað, sem íbúðarhúsið á nýbýlinu Ásbrekku síðar var reist á, en framburði vitnisins var mótmælt sem óstaðfestum, og það hefur ekki heitfest vætti sitt.

Með þessum athugasemdum þykir mega fallast á rök héraðsdóms fyrir staðsetningu norðurmerkisins. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, þannig að landamörk jarðanna Saurbæjar og Þórormstungu skuli miðuð við markalínu þá, sem dregin er upp á hæstaréttardómsskjali Þ og þar merkt „Markalína skv. héraðsdómi“.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 6.000.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það verður að telja galla á meðferð máls þessa, að málflytjendur hafa aflað sér skriflegra vottorða frá vitnum, áður en þau kæmu fyrir dóm, í stað þess að landamerkjadómurinn átti sjálfur að kveðja vitnin á vettvang og taka þar af þeim skýrslur.

Enn fremur hafa samdómsmenn ekki verið látnir vinna dómaraheit, fyrr en að dómi gengnum, sbr. 1. mgr. 203. gr. laga nr. 85/1936 og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 82/1961. Verður að víta galla þessa, en eigi þykir alveg næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn af þessum sökum.

#### D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um norðurpunkt merkjalínu milli Saurbæjar og Þórormstungu skal vera óraskað, þannig að landamörk jarðanna skulu miðuð við markalínu þá, sem dregin er upp í hæstaréttardómsskjali Þ og þar merkt „Markalína skv. héraðsdómi“.

Aðaláfrýjandi, Hannes Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Grími Gíslasyni, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 25. september 1964.**

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 19. júní 1964, var tekið fyrir hér fyrir dómi fimmtudaginn 11. júní 1964 eftir skriflegri beiðni Gríms Gíslasonar oddvita, ábúanda og eiganda Saurbæjar í Áshreppi.

Samkvæmt kvaðningu sýslumanns komu aðiljar þessa máls, þ. e. Grímur Gíslason, eigandi Saurbæjar, og Hannes Jónsson, eigandi Þórormstungu, svo og Konráð Eggertsson, eigandi Haukagils, saman til þings 11. júní að Saurbæ í Áshreppi, enn fremur meðdómendur, en eftir að ruðningur hafði farið fram, skipuðu dóminn Torfi Jónsson oddviti, Torfalæk, og Ólafur Magnússon hreppstjóri, Sveinsstöðum.

Þessari landamerkjadeilu hefur valdið ósamræmi landamerkja milli landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Þórormstungu, dags. 28. júlí 1890, Saurbæ, dags. 29. júlí 1890, og Haukagil, dags. 29. júlí 1890. Í landamerkjabréfi Haukagils segir svo: „Beint á línu þá, er ákveður merki milli Þórormstungu, Saurbæjar og Haukagils, sem liggur frá vörðu vestantil á Ásmóhelli, beint suður um farvegi Vatnsdalsár í fornar réttartóftir norðast í svokölluðum Réttarhólma.“

Í bréfi vegna Saurbæjar segir svo: „Í beina línu þá, er skilur land milli Þórormstungu, Haukagils og Saurbæjar, miðuð frá vörðu vestantil á Ásmóhelli í fornar fjárréttarrústir á svonefndum Réttarhólma. Að austan ræður fyrrnefnd merkjalína út á móts við Brekkulæk.“

En aftur á móti segir í landamerkjabréfi fyrir Þórormstungu á réttarskjali nr. 4: „Þaðan ræður Vatnsdalsá norður fyrir Haukagils-Réttarhólma, þaðan norður eftir, þar til Saurbæjarland þrýtur, ræður bein lína úr réttarbroti norðan í hólmanum í vörðu á Ásbrekku. Frá Saurbæjarlandi, norður og austur að Tunguárósi, ræður Vatnsdalsá, o. s. frv.“

Eftir að hafa borið saman landamerkjaskrár fyrir nefndar jarðir á þingskjali nr. 2, 3, 4 og 5 (landamerkjaskrá fyrir Ás)

og athugað loftmynd af þessu umdeilda svæði gekk landamerkjadómur ásamt með aðiljum á merkin. Suðurmerkið, hinar svokölluðu fjárréttarrústir á Réttarhólma, eða Gilshólma, er óumdeildur endapunktur, og var ákveðið, að sá endapunktur skyldi vera, þar sem talið er hafa verið miður almenningur. Því næst var farið út á svokallaða Móhelli við þinghús Áshrepps, en beint upp af þinghúsinu vestan vegar er nýbýlið Ásbrekka.

Eigandi Saurbæjar gerir þær dómkröfur, að orðið Ásmóhella verði skýrt þröngt, þ. e. átt sé við hina landfræðilegu móhelli, sem er opinn rofbakki og nær niður í Árnakrök, og beri því að setja merkin niður því sem næst þannig, að um  $\frac{1}{3}$  móhellunnar, þ. e. hins opna bakka, verði vestan væntanlegs endapunkts, en um það bil  $\frac{2}{3}$  hlutar austan, þar sem sagt sé í bréfinu „vestan til á Ásmóhelli“.

Eigandi Þórormstungu gerir aftur á móti þær dómkröfur, er hér segir:

1. Aðalkrafan:

Norðurendapunktur merkjalínu milli Þórormstungu annars vegar og Haukagils og Saurbæjar hins vegar verði ákveðinn, þar sem dómendur telja hápunkt brekkunnar, sem Ásbrekubær stendur á, sem að áliti eigenda Þórormstungu mun vera um eða ofan við bæjarhúsin.

2. Varakrafa:

Að endapunkturinn verði ofan (vestan) við veginn, svo öruggt sé, að hann lendi innan hinnar öruggu merkja brekkunnar (Ásbrekku).

3. Þrautavarakrafa:

Að umræddur endapunktur verði settur, þar sem dómendur telja, að bezt samræmist hinu mismunandi orðalagi landamerkjaskrána og aðalkröfu eigenda Þórormstungu.

Engin merki um vörðu finnast nú, og sennilegt má telja, samkvæmt frásögnum manna, að varðan hafi aldrei verið hlaðin eða þá gerð svo lítil, að hún hafi strax eða fljótlega eyðt. Dómurinn verður því að ákveða norðurendapunkt þessarar umræddu línu frá réttarrústum í Réttarhólma og norður.

Um það hefur ekki verið deilt hér í þessu máli, og mun um það vera samkomulag, að Saurbær og Haukagil eigi land austan Vatnsdalsár, enda hafa báðar þessar jarðir tekið allan arð eftir veiði í Vatnsdalsá beggja vegna, síðan um slíkt var að ræða, eftir að veiðifélagið var stofnað, sem mun hafa verið milli 1930 og 1940, og slíkt hefur verið látið óatalið af eiganda Þórorms-

tungu, sem fyrst var Jón Hannesson, sá hinn sami sem var umráðamaður fyrir Saurbæ og Haukagil, þá er landamerkjabréfin voru samin. Á réttarskjali nr. 9 er vottorð frá Runeberg Ólafssyni um heyskap Saurbæjarbónda fyrir austan Vatnsdalsá og að þáverandi ábúandi í Þórormstungu, Gísli Jónsson, hafi fært fætur við þessum heyskap, en ekki talið sér fært að standa á því, eftir að hafa talað við eiganda Þórormstungu, Jón Hannesson. Í aðaldómkröfu eiganda Þórormstungu er beinlínis gert ráð fyrir því, að línan, sem liggur frá hápunkti brekkunnar, sem Ásbrekkubær stendur á, liggji austan árinna og þar með viðurkennt, að Saurbær og Haukagil eigi land austan Vatnsdalsár.

Úrlausnarefnið verður því aðeins þetta: Hvar liggur þessi lína? Hvort sem línan er tekin frá há-Ásbrekkunni, sem eigandi Þórormstungu vill svo kalla, þ. e. þar sem Ásbrekkubær stendur á, eða frá Móhellunni, um það bil í punkt, sem yrði settur þannig, að  $\frac{1}{3}$  yrði vestan hans, þá kemur þessi lína öll, eða svo til öll, fyrir austan Vatnsdalsá, og það þýðir í framkvæmdinni, að veiðiréttur og arður af veiðirétti tilheyrir eftir sem áður Saurbæ og Haukagili. Land það, sem um ræðir, er tiltölulega lítils virði, að minnsta kosti fyrir Þórormstungu, svo þarna er um lítil verðmæti í sjálfu sér að ræða. Enda mun málið aðallega hafa verið hafið til þess að fá úr þessum ágreiningi skorið í eitt skipti fyrir öll. Meðal annars til þess að fá að gera þarna varanlega girðingu austan árinna, en ágreiningurinn er í því fölginn, hvar endapunkturinn hafi verið staðsettur, þar sem bréfunum ber ekki saman, en Haukagils- og Saurbæjarbréfin segja línuna úr vörðu á Ásmóhellu í réttarbrotið, en Þórormstungubrésið segir í vörðu á Ásbrekku.

Öll landamerkjabréfin á réttarskjali 2, 3, 4 og 5, þ. e. landamerkjabréf fyrir Ás, Þórormstungu, Haukagil og Saurbæ, eru gerð 28. og 29. júlí 1890 og undirrituð af sömu mönnum, eftir því sem við á. Bréfin fyrir Saurbæ og Haukagil bera það með sér, að þeir, sem þau gerðu, hafa staðið á Ásmóhellunni og horft suður og tekið línuna þannig, en þeir, sem gerðu brésið fyrir Þórormstungu, sem eru sömu menn, munu hafa staðið við réttarbrotið og horft norður. Þetta ósamræmi í orðalagi, „vörðu á Ásmóhellu“ og „í vörðu á Ásbrekku“, getur ekki verið skýrt öðruvísi á skynsamlegan hátt en þann, eins og fram kemur í greinargerð frá eiganda Þórormstungu, „að sama væri, hvort orðalagið væri viðhaft“. Það þýðir, að í málvenju manna hafi

ýmist verið talað um móhelli og þá sennilega þann hluta brekkunnar eða hæðarinnar, þar sem Vatnsdalsá beygir austur, sem sést í Móhelli sjálfa bera, eða Brekku eða Ásbrekku, og þar hafi þá verið hæðin fyrir ofan móhelluna og brekkan, eitthvað upp í hálsinn eða upp undir Grænhól. Úr þessum ágreiningi um nafnið verður ekki skorið, þar sem vottorð þau, sem lögð eru fram, stangast á, sem er í sjálfu sér eðlilegt, þar sem nýbýli með Ásbrekkunafninu er búið að standa þarna í um 30 ár og samkomuhús verið reist á Móhelli aðeins fyrir eða um svipað leyti, og það venjulega í daglegu talið verið kallað Móhella, en nýbýlið verið kallað Ásbrekka, en minni manna er það ótryggt, að ekki er leggjandi upp úr því, hvað þetta snertir.

Þess vegna verður að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað eigendur umræddra jarða hafi í raun og veru viljað, er þeir settu niður merkin. Og þá er ekki óeðlilegt að álykta sem svo, að þeir hafi hugsað sér hinn forna farveg Vatnsdalsár sem raunveruleg merki, þ. e. farveg, sem sennilega hefur að einhverju leyti verið þurr, en verið nokkuð greinilegur. Og Jón Hannesson, síðar í Þórormstungu, var það fylginn sér og ákveðinn, að hann hefur ekki viljað láta ganga á þær jarðir, sem hann var umráðamaður yfir, þ. e. Haukagil og Saurbæ, og viljað halda sér við hin fornu merki, en af skynsemisástæðum hafi línan verið tekin bein, enda ekki svo mikið atriði, hvort um nokkra metra væri að ræða vestur eða austur.

Frá áður nefndum réttarrústum er bein lína yfir Ásmóhelli og í hina svokölluðu Áskinn og brekkuna fyrir ofan Ás. Ef til vill er átt við þá brekku, er talað er um Ásbrekku, og þeir, sem sömdu landamerkjabréfið, hafi talið, að varðan þar sæist vel. Þó er ekki líklegt, að það hafi verið. Sennilegri er skýring eiganda Þórormstungu, Hannesar Jónssonar, að Ásbrekka og Ásmóhella hafi verið næstum því eitt og hið sama í tali manna. Þess vegna telur dómurinn eðlilegra að taka þá skýringu, sem er þrengri og kemur auk þess fram í tveimur bréfum, fyrir Saurbæ og fyrir Haukagil. Bréfum, sem Jón Hannesson, er seinna eignaðist Þórormstungu, hafði undirritað fyrir hönd þessara jarða, þ. e. Saurbæjar og Haukagils. Auk þess sem það hugtak má nokkuð afmarka, þ. e. hvað Ásmóhellan nær langt austur og vestur. Enn fremur segir, að þessi varða hafi átt að vera vestan til á móhelli, en í bréfi fyrir Þórormstungu stendur aðeins, að varðan hafi átt að vera á Ásbrekku, sem þá gæti náð allt frá Árnakrók (þ. e. þar sem móhellan endar að austan) og upp

að Grænhól. Ef sú skýring er tekin góð og gild, að í vitund manna hafi Móhellunafnið og Ásbrekku (Brekku) nafnið verið notuð yfir sama landssvæði, þá mundi koma svipað út, ef varðan væri sett á miðja Ásbrekku (þ. e. miðja vegu milli Árnakróks og Grænhóls), eins og ef hún væri sett aðeins vestan til á Móhellu, sem þá yrði skýrð, þar sem aðeins sæist í móhelluna eða rofbakkann. Og frá vörðu, sem hugsuð væri vestan til á Ásmóhellu eða á miðri Ásbrekku, er hægt að horfa „suður um farvegi Vatnsdalsár“, en Vatnsdalsá rennur í kvíslum þarna á milli Þórormstungu og Ásbrekkulands, sem áður var Ásland, þ. e. frá Ásmóhellu og fram að Brekkulæk.

Dómurinn lítur því svo á, að norðurpunktur línunnar eigi að vera á Ásmóhellu, þ. e. hinni landfræðilegu móhellu, eins og rofbakkinn sést, ef horft er á hann að sunnan.

Þar sem segir, að það sé vestan til á Ásmóhellu, lítur dómurinn svo á, að það muni vera því sem næst  $\frac{1}{4}$  fyrir vestan og  $\frac{3}{4}$  fyrir austan, og þar ber að setja niður varanlegan endapunkt, eða miðað við annað varanlegt merki samkvæmt þessari stefnu, ef hægt er.

#### Dómsorð:

Norðurendapunktur merkjalínu milli Þórormstungu og Saurbæjar skal settur þannig, að  $\frac{1}{4}$  hluti hinnar sýnilegu móhellu, þegar staðið er suður við réttarbrotið, skal vera vestan þessarar línu, en  $\frac{3}{4}$  hlutar austan.

---